HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr. 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Skýrsla nr. C98:04

Tölfræðilegar aðferðir við fasteignamat

Skýrsla til Fasteignamats ríkisins

Apríl 1998

Formáli

Í júní 1996 var undirritaður samningur á milli Fasteignamats ríkisins og Hagfræðistofnunar um að þróað yrði tölfræðilegt líkan sem spáð gæti fyrir um markaðsvirði íbúðarhúsnæðis. Ljóst er að slíkt líkan er afar hjálplegt til að meta stofn til eignarskattsálagningar og til að veita fyrirtækjum og einstaklingum sem bestar upplýsingar um fasteignamarkaðinn.

Nokkrar tafir hafa orðið á áætluðum verklokum og má rekja þær þess að verkið var nokkuð margbrotnara en áætlað var í upphafi. Afrakstur verksins er annarrs vegar að finna í þessari skýrslu sem lýsir aðferðum og tillögum að verklagi og hins vegar í formi tilraunaforrits sem framkvæmir áðurgreint mat. Verkið vann dr. Helgi Tómasson dósent.

Hagfræðistofnun í apríl 1998

Tryggvi Þór Herbertsson

Tryggvi Þór Herbertsson,
forstöðumaður.

English Summary

The background is that an appraisal institute wants to construct an objective mechanism for estimating the value of each of a group of properties, in this case residential housing in a given area. The institute gathers data on real estate sales on a continuous basis. The data includes information on the characteristics of each property sold. Among the characteristics there are variables such as the date of sale, price, location, size, year of construction etc. The idea is to value each property in a real estate registry by using a regression model explaining market value by the characteristics of the property. By nature market value evolves over time. The regression coefficients are thus conceivably not constant over time. To control market dynamics a regression with time varying parameters is set up. The Kalman filter algorithm and a state space model is used to control the dynamics of the parameters. The speed of adaption is controlled with special parameters, so called hyper parameters. The Kalman filter algorithm consists of iterated use of Bayes rule, in this case combining existing estimate of market value with information obtained in newly observed prices. The speed of adaption is related to how much weight is given to the past state of the market relative to new information. A brief review on Bayesian estimation is given. In this report no attempt is done to estimate the hyperparameters. Only a brief comparison of some values is shown. Two version of dependent variables are discussed. The first version explains the deviance of log-sales from log-estimated reconstruction value (RV). The estimated RV is given for each property and is supposed to represent how much it would cost to build this property. RV is updated once a year, by the authorities for each property in the registry. The RV works as a price deflator that picks up such effects as inflation. The second version does not use the RV, i.e. it lets the Kalman filter trace effects of inflation. The data is based on sales of apartments and single family houses in the Reykjavik area from the period 1980 to middle of 1996, roughly 38000 transactions. Separate analysis is performed for single family houses, roughly 4000, and apartments, roughly 34000. It is concluded that by using methods of this type the standard deviation of prediction of price will be around 15%, regardless of whether RV is used or not. This is a figure of a similar magnitude as if the traditional appraisal value was used. The traditional appraisal value underestimates the price to a greater degree than the methods

developed here. That may be a policy decision and if one wishes it is straightforward to bias the Kalman filter estimate downwards as well. Finally a working procedure for partially automated appraisal is proposed. Step one involves filtering the data as it is entered into the database at the appraisal institute. Step two applies the Kalman filter algorithm, using fresh data to update the latest estimate of regression parameters, and the third and final step is to use the regression parameters to get an appraisal value for each property in the registry.

The results suggest that use of automative methods in appraisal will yield a standard error of prediction which is similar in magnitude to those attained by a traditional method.

Efnisyfirlit

Töfluskrá

Myndaskrá

1 Inngangur

Markmið þessa verkefnis er að þróa tölfræðilegt líkan sem spáir markaðsvirði íbúðarhúsnæðis. Slíkt nýtist bæði við eignamat sem skattstofn og einnig til að veita fjárfestum, fyrirtækjum og einstaklingum sem bestar upplýsingar um markaðinn. Nú á tímum eru gerðar auknar kröfur um hlutlægni vegna mats eigna [11]. Tölfræðileg líkön, t.d. aðhvarfsgreining hafa reynst hagkvæmur valkostur við hefðbundnar matsaðferðir, (samanber [12] og [7]).

Verkefnið er unnið úr gögnum úr kaupskrá Fasteignamats Ríkisins (FMR). Í kaupskránni eru færslur unnar upp úr kaupsamningum á fasteignamarkaði. Gögnin innihalda upplýsingar um sölu á tiltekinni eign, svo sem dagsetningu, verð og ýmsa eiginleika viðkomandi eignar, staðsetningu, stærð o.fl. Í kafla 2 er fjallað lauslega um bakgrunn tölfræðilegra aðferða. Fyrst ber að nefna í aðhvarfsgreiningu í kafla 2.1, sem er sennilega ein mest notaða tölfræðiaðferðin en henni fylgja ýmsar hættur og vandamál sem eru reifuð lauslega í kafla 2.2. Valkostir við venjulegar matsaðferðir í aðhvarfsgreiningu eru nefndir í köflum 2.4 og 2.5. Hugmyndin með þeim aðferðum er að auka stöðugleika með því að innleiða ákveðna hlutdrægni. Það er æskilegast fyrir þann hlutdræga að hafa rétt fyrir sér eða næstum rétt fyrir sér, en þó má vera hlutdrægur á svo varkáran máta að ávinningur sé að, þrátt fyrir að viðkomandi hafi rangt fyrir sér [6]). Sala á eignum fer fram á tilteknum tíma svo hægt er að sjá í hvaða röð sölur verða en í því felast upplýsingar um þróun markaðarins sem hægt er að hafa til hliðsjónar.

Kalman síu (e. Kalman filter) aðferðin er öflugt tæki til þess að hafa eftirlit með þáttum sem þróast í tíma. Lauslegt yfirlit byggt á riti Harvey's [3] er gefið í kafla 2.6. Kalman síu aðferðin býður upp á þann möguleika að endurmeta jafnóðum og upplýsingar berast. Gera verður glöggan mun við slíkt "on-line" mat hvort gagnasöfnunin leiði til þess að upplýsingar um stöðugt ástand verði betri og betri eða hvort ástandið sé síbreytilegt og gagnasöfnunin geti ekki gert annað en að elta ástandið. Kalman síu aðferðin ræður við hvort tveggja, bæði svokallaða endurkvæma aðhvarfsgreiningu (e. recursive regression) þar sem matið er endurskoðað við hverja mælingu og lokaniðurstaðan er jöfn því að gerð hefði verið venjuleg aðhvarfsgreining fyrir öll gögnin, og metið líkan sem breytist í tíma eftir fyrirfram skilgreindu mynstri. Þessu tvennu er blandað saman hér. Gert er ráð fyrir að ástandið sé fast innan hvers mánaðar, en að breyting milli mánaða sé samkvæmt ákveðnu mynstri. Hugsanlegt er að hafa breytingar þéttari, t.d. vikulega eða daglega, en vegna eðli fasteignamarkaðarins var talið nægja að láta kerfið breytast mánaðarlega. Í þessu verkefni er mynstrið skilgreint þannig að parametrar hreyfist sem ferli (einnig nefnt random walk eða Brownian motion). Hvernig setja beri Kalman síu aðferðina upp svo að hún framkvæmi þetta er sýnt í kafla 2.8. Í kafla 3 eru gögn FMR meðhöndluð. Lýst er líkanagerð þar sem leitast er við að skýra frávik núvirts kaupsamnings frá endurstofnsverði í kafla 3.2. Í kafla 3.3 er líkanið sjálft látið mynda verðlagsgrunn fasteigna. Að lokum eru skilgreind nokkur vinnuforrit sem FMR getur notað við gagnavinnslu í kafla 3.4. Þar er lýst forritum sem að gagni ættu að koma við villuleit í nýjum færslum kaupskrár, við útreikning á spáðu söluverði, þ.e. útreikning á fasteignamati og notkun nýrra söluupplýsinga við uppfærslu á mati á ástandi markaðarins.

2 Yfirlit um aðferðir

2.1 Nokkur atriði um aðhvarfsgreiningu

Aðhvarfsgreining (e. regression) í sinni einföldustu mynd gengur út á að finna jöfnu bestu línu, sem lýsir tengslum breytanna y og x. Hugmyndin er að reyna að spá y þegar gildið á x er þekkt. Gengið er út frá að hið sanna samband breytanna sé á forminu:

$$y = \alpha + \beta\, x + \varepsilon$$

þar sem ε er ómælanlegt frávik. Safnað er mælingum $(x_1,y_1), \ldots, (x_n,y_n)$ og gert er ráð fyrir að tilsvarandi $\varepsilon_1, \ldots, \varepsilon_n$ séu einsdreifðar óháðar hendingar (e. random variables). Oftast er gert ráð fyrir normaldreifingu, þ.e. að ε_i séu $N(0,\sigma^2)$. Þetta má útvíkka þannig að y sé skýrt með fleiri stærðum:

$$y = \alpha_0 + \alpha_1\, x_1 + \cdots + \alpha_k + \varepsilon$$

Gögnum úr svona líkani er best lýst með fylkja formi (e. matrix form).

$$\mathbf{Y} = \mathbf{X}\alpha + \varepsilon$$

$$Y = \begin{bmatrix} y_1 \\ y_2 \\ \vdots \\ y_n \end{bmatrix} \qquad X = \begin{bmatrix} 1 & x_{11} & \dots & x_{1k} \\ 1 & x_{21} & \dots & x_{2k} \\ \vdots & \vdots & \ddots & \vdots \\ 1 & x_{n1} & \dots & x_{nk} \end{bmatrix} \qquad \varepsilon = \begin{bmatrix} \varepsilon_1 \\ \varepsilon_2 \\ \vdots \\ \varepsilon_n \end{bmatrix} \qquad \alpha = \begin{bmatrix} \alpha_1 \\ \alpha_2 \\ \vdots \\ \alpha_k \end{bmatrix}$$

Hér táknar vektorinn Y mælingar á þeirri breytu sem skýra skal og fylkið X tilsvarandi mælingar á skýristærðum, y_1 er fyrsta mæling á y og x_{11} er fyrsta mæling á skýristærð númer 1. Ef fasti er í líkaninu þá er fremsti dálkur X-fylkisins 1. Vektorinn ε samanstendur af ómælanlegum frávikum og vektorinn α, stikavektorinn (e. parameter-vector), lýsir þýðingu einstakra x-breyta fyrir y. Ef breyta númer j er aukin um eina einingu er væntanleg breyting á y, α_j. Vektorinn ε er vektor af óháðum einsdreifðum hendingum með meðaltal 0. Það felur m.a. í sér að:

$$E(\varepsilon) = 0 \qquad \text{og} \qquad V(\varepsilon) = \sigma^2 I$$

Hér táknar E væntanlegt gildi (e. expected value) og V dreifni-fylki (e. variance-covariance matrix). Það að stökin í ε sem ekki eru á hornalínu séu 0 þýðir að ekki er fylgni á milli frávika í einstökum mælingum. Í hagnýtum vandamálum er α óþekkt og verður að meta út frá mælingum. Algengasta aðferð við að meta α er aðferð minnstu kvaðrata (e. least-squares), oft skammstafað OLS (e. ordinary least-squares). Hugmyndin með þeirri aðferð er að finna það gildi a, á stikavektornum α, sem gerir frávikin

$$e_i = y_i - \hat{y}_i$$

þar sem $\hat{y}_i = x_i a$, sem minnst í þeim skilningi að:

$$\sum_{i=1}^{n} e_i^2 = (Y - \hat{Y})'(Y - \hat{Y})$$

sé lágmarkað. Lausnin á þessu lágmörkunarvandamáli er:

$$\hat{\alpha} = (X'X)^{-1}X'Y$$

Oft er eðlilegt að setja hliðarskilyrði á α. Ef leysa á lágmörkunarvandamálið með línulegu hliðarskilyrði:

$$\mathrm{R}\alpha = \mathrm{r}$$

er lausnin

$$\tilde{\alpha} = (\mathrm{I} - (\mathrm{X'X})^{-1}\mathrm{R}'(\mathrm{R}(\mathrm{X}'\mathrm{X})^{-1}\mathrm{R}')^{-1})(\mathrm{R}\hat{\alpha} - \mathrm{r})$$

2.2 Vandamál við aðhvarfsgreiningu

Í aðhvarfsgreiningu þarf að skilgreina líkanið nákvæmlega og ef mikilvægri breytu er sleppt þá er hætt við að aðrar breytur líkansins fari að leika hlutverk hennar. T.d. hefur í bandarískum rannsóknum komið fram að arinn sé verðmeiri en bílskúr. Í þeim tilfellum er hugsanlegt að arinninn sé samnefnari fyrir mikil gæði sem erfitt er að tengja við eitthvað ákveðið. Hugsanlegt er að í stórum og dýrum húsum sé oft arinn og hann sé því að einhverju leyti í hlutverki stærðar. Einnig gæti verið um einhvers konar tískublæbrigði að ræða. Eiginleikar $\mathrm{X'X}$ fylkisins segja meðal annars til um hversu vel aðgreinanlegar breyturnar eru. Ef mörg eigingildi $\mathrm{X'X}$ eru nálægt 0, þá eru einhverjir dálkar X nálægt því að vera línulega háðir. Breytur sem svara til þeirra dálka verða ekki auðveldlega greindar í sundur. Þetta fyrirbæri er nefnt marglínuleiki (e. multi-collinerarity). Í allri hagnýtri aðhvarfsgreiningu er nauðsynlegt að framkvæma einhvers konar gæðaeftirlit, "diagnostic". Ein slík tækni er að reikna:

$$\mathrm{hat} = \mathrm{X}(\mathrm{X}'\mathrm{X})^{-1}\mathrm{X}'$$

hornalína hat-fylkisins, h_j er síðan notuð sem vísbending um áhrifamiklar mælingar. Ástæða er til að skoða sérstaklega öfgagildin á $\hat{\varepsilon}_j\mathrm{h}_j/(1\text{-}\mathrm{h}_j)$, þar sem $\hat{\varepsilon}_j$ er metin skekkja og h_j er j-ta stakið á hornalínu hat-fylkisins að ofan. Meðal þeirra er að vænta áhrifamikilla mælinga. Sumar eru e.t.v. skráningarvillur meðan aðrar eru e.t.v. réttar.

2.3 Grid-aðferð

Svokölluð grid-aðferð við mat tiltekinnar eignar gengur út á að fundnar eru nokkrar eignir sem selst hafa nýlega og eru sambærilegar við þá eign sem meta á. Þetta er gert þannig (sjá

[7]) að ef eiginleikar hugsanlegra samanburðareigna eru x_i og eignarinnar sem meta á eru x_0 þá eru fundnar t.d. þær 5 eignir sem fara sem næst þeirri eign sem meta á. Kvarðinn sem notaður er til að skilgreina nálægt er t.d.

$$ANET = \sum |b_i(x_i - x_0)|$$

þar sem ANET stendur fyrir net-adjustment-factor. Stærðirnar b_i eru vogir eða verðgildi eiginleikanna x_i. Síðan er reiknað meðalsöluverð sambærilegustu eigna. Hvernig það meðaltal er vegið og hvaða eiginleikar eru notaðir til að velja sambærilegar eignir er tæknilegt atriði. Hugmyndin er svipuð og paraður samanburður í hefðbundinni tölfræði (e. matched pairs), þ.e. að gera ráð fyrir að eignirnar séu að mestu leyti eins fyrir utan x_i stærðirnar. Kang-Reichert ([7]) rekja þessa aðferðafræði og bera saman við aðhvarfsgreiningu. Niðurstaðan er að báðar aðferðir geta gefið svipaða spá en munur sé e.t.v. á túlkun. Við grid-aðferð er mönnum sagt, að svipaðar eignir og þín seldust að meðaltali á þessa verði, en í aðhvarfsgreiningu eru metnir stikar notaðir sem mælikvarði á verð einstakra þátta. Grid-aðferð ætti að henta vel í einsleitum hverfum þar sem munur á eignum er fyrst og fremst í einhverjum örfáum breytum.

2.4 Bayes aðferðir

Hefðbundin tölfræði byggir á að túlka líkur sem mælikvarða á tíðni atburða. Bayes tölfræði byggir á að einnig megi túlka líkur sem mælikvarða á vissu(óvissu). Í Bayes tölfræði er óvissa um óþekktar stærðir í tölfræðilíkönum sett fram á formi líkindadreifingar. Fyrirfram vissa er sett fram sem "a priori" dreifing. Upplýsingar sem fást úr mælingum eru síðan tengdar við "a priori" dreifinguna með reglu Bayes og fengin "a posteriori" dreifingin. Ályktanir út frá mælingunum er síðan byggðar á "a posteriori" dreifingunni. Dæmi um ályktun um meðaltal í normaldreifingu: Líkanið er:

$$X|\mu \sim N(\mu, 1)$$

Hugsanleg "a priori" dreifing er:

$$\mu \sim N(0, \tau^2)$$

Ef einungis er tekin ein mæling x, á breytunni X verður "a posteriori" dreifingin:

$$\mu|x \sim N((1 - 1/(1 + \tau^2))\mathrm{x}, \tau^2/(1 + \tau^2))$$

Til einföldunar var hér gert ráð fyrir að staðalfrávikið væri þekkt(=1) og að hlutdrægnin væri 0. Dreifnin í "a priori" dreifingunni, τ^2 er mælikvarði á óvissuna um að sanna meðaltalið, μ sé 0. Ef τ er mjög lítið endurskoðast vissan lítið við mælinguna, þ.e. mikil "a priori" vissa. Valið á τ^2 stýrir því hversu hratt "a priori" vissan er endurskoðuð við söfnun gagna. Bayes tölfræðin er sérstakur skóli við ályktanir en Bayes aðferðir geta haft góða eiginleika í hinum hefðbundna tíðniskóla. Þær eru t.d. oft stöðugri, hafa minni dreifni og ef hlutdrægnin stefnir á 0 með vaxandi mælingafjölda fæst oft aðferð sem svipar til hefðbundinna aðferða. Þeir sem aðhyllast Bayes skólann halda því oft fram að fá megi fram hefðbundnar niðurstöður með því að velja "a priori" dreifinguna á tiltekinn hátt og þar með sé hefðbundni skólinn sértilfelli af Bayes skólanum.

2.5 Nokkur atriði um aðrar aðferðir

Meðal eiginleika OLS aðferðarinnar er að hún er hlutlaus (e. unbiased) ef líkanið er rétt skilgreint. Hlutlaus þýðir að α er hvorki ofmetið né vanmetið að meðaltali. Í hagnýtum tilfellum er rétta líkanið ekki þekkt. Algengt er að menn prófi sig áfram, þ.e. prófi kenningar um að ein eða fleiri hnita (e. coordinate) α-vektorsins séu t.d. 0. Ef tölfræðilegt próf segir að tiltekin hnit, α_i sé marktækt frábrugðin 0 þá álykta menn að þessi hnit sé ekki 0 og hafa tilsvarandi breytu x_i með í líkaninu. Þetta atferli er hlutdrægt í átt að 0, vegna þess að byggt hefur verið inn í aðferðina sérstakur kraftur sem setur matið stundum í 0. Þessari aðferð hefur verið gefið heitið "pre-test-estimation"([6]). OLS-aðferðin er BLUE (best-linear-unbiased-estimator), þar sem "best" og "unbiased" þýðir að breytileikinn, $V(\hat{\alpha})$ er lágmarkaður og að hlutdrægnin, "bias" = $E(\alpha - \hat{\alpha}) = b$ er 0. Þ.e. aðferðin er U="unbiased" Til að mæla gæði hlutdrægra aðferða er MSE="mean-square-error" heppilegt því það tekur bæði tillit til dreifni og hlutdrægni

$$\mathrm{MSE} = \mathrm{E}(\alpha - \hat{\alpha})(\alpha - \hat{\alpha})' = V(\hat{\alpha}) + \mathrm{bb}'$$

Ef MSE mælikvarðinn er lágmarkaður er aukin hlutdrægni ekki leyfð nema að það lækki dreifnina meira en sem nemur áhrifum af aukinni hlutdrægni. MSE eins og skilgreint er að ofan er fylki (ef α er vektor) og því e.t.v. ekki svo þægilegur mælikvarði. MSE-fylkið er stundum á ensku nefnt "generalized-mean-square-error" eða "risk-matrix- measure" [6]. Einvíður mælikvarði er tr(MSE)= $E(\alpha - \hat{\alpha})'(\alpha - \hat{\alpha})$ á ensku nefnt "squared-error-loss" [6].

Hugsanlegur vandi við gagnafylkið X, er að mikilvægar skýristærðir vanti. Ef skýristærðirnar sem vantar eru tengdar þeim breytum sem eru í líkaninu fara þær breytur í líkaninu að reyna að leika hlutverk hinna gleymdu breyta. Í kaflanum hér á undan var nefnt dæmi um að arinn gæti virst verðmeiri en bílskúr (sjá [7]). Hugsanlega er arinninn einhvers konar samnefnari fyrir dulin gæði. Ef hins vegar er bætt við breytum sem mæla eiga þessi duldu gæði, litað gler, lúxuseldhús, gróðurhús o.s.frv. er hætt við marglínuleika (e. multicollinearity), þ.e. dálkar X-fylkisins eru nálægt því að vera línulega háðir og sama breytan nálægt því að vera margtalin. Við slíkar aðstæður taka stikar illskiljanleg gildi, t.d. gæti gildi lúxuseldhússins orðið negatívt. Í okkar tilfelli þar sem stærðin er inni í þrem breytum, samfelld í fermetrum, sem þrepabreyta og sem hluti af endurstofnsverðinu þá verður stuðullinn við stærð í fermetrum neikvæður. Við þessu hefur verið brugðist á þann hátt að meta stikavektorinn α með svokallaðri ridge-regression (sjá [7]), þ.e. að í stað hins venjulega:

$$\hat{\alpha} = (X'X)^{-1}X'Y \qquad \text{er notað} \qquad \tilde{\alpha} = (X'X + \lambda I)^{-1}X'Y$$

þar sem λ er fasti stærri en 0. Hugmyndin með ridge-regression er að gera matið stöðugra. Ridge-regression gefur stöðugra mat og getur stundum spáð betur en venjuleg OLS aðhvarfsgreining. Ridge-regression metillinn var upphaflega fundinn upp til að gera mat stöðugra þegar marglínuleiki er til staðar. Metillinn er hlutdrægur, þ.e. að hver hnit eru vanmetin.

Líta má á Ridge regression metilinn sem Bayes metil. Ef gert er ráð fyrir að

$$Y \mid \alpha \sim N(X\alpha, \sigma^2)$$

og

$$\alpha \sim N(0, \sigma^2/\lambda I)$$

þá fæst með reglu Bayes að

$$\alpha \mid Y \sim N((X'X + \lambda I)^{-1}X'Y, \sigma^2(X'X + \lambda I)^{-1}X'X(X'X + \lambda I)^{-1})$$

Talan λ er því mælikvarði á óvissuna um α í "a priori" dreifingunni. Ef λ=0 er $1/\lambda=\infty$ þá fæst venjulegi OLS metilinn sem svarar til engrar fyrirframvitneskju um α. Á sama hátt ef λ er stórt er $1/\lambda$ lítið og þar með vissan um að α=0 mikil og breytist lítið þó að Y sé mælt. Sér í lagi ef $\lambda\approx\infty$ (t.d. 10^{10}) þá er matið áfram 0 eftir mælingu. Ridge metillinn er hlutdrægur í átt að 0 og λ segir til um hversu fast er haldið í þá átt. Valið á λ og 0 í "a priori" dreifingunni stýrir því áhrifum hlutdrægninnar. Menn hafa reynt að koma aftan að hlutunum og reyna að meta λ (eða hliðstæða stærð) út frá gögnunum (Y). Slíkt hefur verið nefnt "empirical Bayes". Þróun á empirical Bayes aðferðum hefur m.a. leitt til svokallaðra Stein aðferða [6]. Stein aðferðir byggja á því vera svo mátulega hlutdrægur að "mean-square-error"

$$\text{MSE} = \text{E}(\alpha - \hat{\alpha})(\alpha - \hat{\alpha})' = V(\hat{\alpha}) + \text{bb}'$$

sé lægri en fyrir venjulegan OLS metil. Þ.e. hlutdrægnin eykur stöðugleikann (minnkar dreifni) en er samt það lítil að MSE verður minni en með venjulegum aðferðum. Nauðsynlegt skilyrði þess að Stein metill nái að vera betri en OLS metill er:

$$\text{tr}(\text{X}'\text{X})^{-1} > 2\lambda_L$$

þar sem λ_L er stærsta eigingildi $\text{X}'\text{X}^{-1}$, sem má túlka gróflega að fyrir hendi séu þrjár eða fleiri nægjanlega óháðar skýristærðir [6]. Dæmi um notkun á Stein aðferðum við fasteignamat er grein Sirmans o.fl. [5]. Bæði Bayes aðferðir, Stein aðferðir og ridge-regression hafa sem markmið að auka stöðugleikann á kostnað óhlutdræginnar. Í öllum tilfellum verður að ákveða í hvað átt skuli vera hlutdrægur.

2.6 Um Kalman síu aðferðir (byggt á [3])

Kalman síu aðferðir fást við líkan á ástandsformi (e. state space form). Ástandsformið byggir á mælijöfnu:

$$\text{y}_t = \text{Z}_t\alpha_t + d_t + \varepsilon_t$$

og ástandsjöfnu

$$\alpha_t = \text{T}_t\alpha_{t-1} + c_t + \eta_t$$

$$E(\eta_t) = 0, E(\varepsilon_t) = 0$$

Gert er ráð fyrir að mælingin sé háð ástandi kerfisins. Hér er y_t hin mælda breyta og α_t er ómælanlegt ástand. Z_t lýsir áhrifum hins ómælanlega ástands á mældu breytuna. T_t er tilfærslufylki sem lýsir þróun ástandsins í tíma. Stærðirnar c_t og d_t eru fastar, hugsanlega tengdar skýristærðum. Mælingin samanstendur af falli af ástandi, $Z_t\alpha_t$, og ómælanlegu suði, ε_t, með dreifni (e. variance) H_t og ástandið á tíma t, α_t er fall af liðnu ástandi, α_{t-1} að viðbættu ómælanlegu suði, η_t, með dreifni Q_t. Breyturnar ε_t og η_t hafa sjálffylgni 0 og ekki fylgni hvor við aðra. þ.e.:

$$E(\varepsilon_t\varepsilon_s') = 0 \quad E(\eta_t\eta_s') = 0 \quad \text{ef t} \neq \text{s} \quad \text{og} \quad E(\varepsilon_t\eta_s') = 0 \quad \forall \text{t og s}$$

Kalman síu algoritminn er aðferð til að meta ómælanlega ástandið α_t út frá gefnum mælingum á y_t. Í stuttu máli er gangurinn þessi: Gefið er a_{t-1}, sem besta mat á α_{t-1} ástandi á tíma t-1. Dreifnifylki frávika frá besta mati er þá:

$$P_{t-1} = E(\alpha_{t-1} - a_{t-1})(\alpha_{t-1} - a_{t-1})'.$$

Að þessu gefnu er besta mat á næsta ástandi

$$a_{t|t-1} = T_t + c_t a_{t|t-1} = T_t + c_t$$

og dreifnifylki fyrir þetta mat er:

$$P_{t|t-1} = T_t P_{t-1} T_t' + Q_t$$

Kalman síu aðferðin samanstendur af spájöfnum og uppfærslujöfnum. Ofantaldar jöfnur eru spájöfnurnar. Í spájöfnunum er ástandi á tíma t spáð þegar mælingar til og með tíma t-1 liggja fyrir. Þegar ný mæling y_t bætist við er ástand endurmetið:

$$a_{t|t} = a_{t|t-1} + P_{t|t-1}F_t^{-1}(y_t - Z_t a_{t|t-1} - d_t)$$

$$P_t = P_{t|t-1} - P_{t|t-1}Z_t'F_t^{-1}Z_t P_{t|t-1}$$

$$F_t = Z_t P_{t|t-1} Z_t' + H_t$$

Þessar jöfnur eru nefndar uppfærslujöfnurnar, því ástandið er metið með tilliti til nýjustu mælingar. Stærðin $a_{t|t}$ er túlkuð sem mat á ástandi á tíma t gefnar upplýsingar á tíma t. Stærðin $a_{t|t-1}$ er túlkuð sem mat á ástandi á tíma t gefnar upplýsingar á tíma t-1. Metin spáskekkja er:

$$v_t = y_t - Z_t \alpha_{t|t-1} - d_t$$

Dreifni spáskekkju er F_t.

Nauðsynlegt er að gefa sér ýmsar forsendur, t.d. þarf að hafa skoðun á hvert ástandið er við tíma 0. Kalman síu er hagnýting á reglu Bayes og þegar kerfið er sett í gang er valið eitthvert byrjunargildi a_0 sem ágiskun á α_0 og P_0 dreifnifylki fyrir þá ágiskun. Þegar lítið er vitað um α_0 er eðlilegt að velja P_0 stórt, t.d. $10^{10}I$.

2.7 Tengsl Kalman síu aðferða og endurkvæmrar aðhvarfsgreiningar

Hægt er að setja upp Kalman síu þannig að það framkvæmi venjulega aðhvarfsgreiningu. Þá er ástandið látið vera óþekktur stiki og dreifnifylkið Q_t látið vera 0. Við hugsum okkur að kerfið sé þannig að ástandið sé fast, þróist ekki í tíma. Matið á ástandinu er því endurbætt með því að nota spájöfnurnar og uppfærslujöfnurnar til skiptis. Ef þessu er beitt á gagnasafn fyrir tíma $t=1, \cdots, T$ þar sem X_t inniheldur skýristærðir á tíma t þá mun matið á ástandinu við lok tímabilsins, α_T vera jafnt og venjulegur metinn aðhvarfstiki

$$\hat{\alpha} = (X'X)^{-1}X'Y$$

Þar sem $X=(X_1, \cdots, X_k)'$ er fylki skýristærða og $Y=(y_1, \cdots, y_T)'$ er vektor gilda háðu breytunnar.

Eðli upplýsingasöfnunarinnar er slíkt að í sífellu bætast við upplýsingar. Því er við hæfi að beita einhvers konar "on-line" matsaðferð. Endurkvæm aðhvarfsgreining með útreikningi á tilheyrandi endurkvæmum afgangsliðum (e. recursive residuals) er eðlileg tilraun til slíks. Endurkvæmu afgangsliðirnir skalaðir með ákveðinni stærð (f_t) eru með fast staðalfrávik og án sjálffylgni ef líkan er rétt skilgreint. Hins vegar er summa þeirra ekki endilega 0, þó væntanlegt gildi þeirra sé 0. Endurkvæma matið í lok tímabils er það sama og venjulega OLS matið og summa endurkvæmra skalaðra afgangsliða í öðru veldi er sama og summa OLS afgangsliða í öðru veldi. Hægt er að fylgjast með hvernig upplýsingar sem bætast við hafa áhrif á metna stika.Endurkvæmir afgangsliðir bjóða upp á handhægt próf, CUSUM (CUmulative Sum), til að álykta um hvort stikar líkans séu fastir yfir tímann.

Ef líkan er rétt skilgreint eru afgangsliðir í aðhvarfsgreiningu óháðir og einsdreifðir. Það þýðir að ekki koma margir afgangsliðir í röð með sama formerki og ekki er kerfi í stærð þeirra. Myndrænt próf sem hentar til að greina hvort stikar í aðhvarfsgreiningu séu fastir er svonefnt CUSUM próf. Byggir það á að reikna

$$\sum_{k+1}^{n} v_t$$

Hér er nauðsynlegt að nota endurkvæma afgangsliði, þ.e. spáskekkjur, v_t, í stað venjulegra OLS afgangsliða því venjulegir OLS afgangsliðir eru ekki óháðir. Væntanlegt gildi endurkvæmra afgangsliða er 0, en ekkert er hins vegar sem þvingar summu þeirra til að vera 0. Dreifing summunnar hegðar sér því svipað og Wiener ferli motion, random-walk) [4]. Ef gengið er út frá normaldreifingu eru mörk þannig að 5% líkur á að fara út fyrir þau í mælingu t eru skilgreind með eftirfarandi formúlu:

$$\pm\ (0.948\ \sqrt{n-k} + 1.896\ (t - k)\ /(n - k\ )^{1/2})$$

Hér er n fjöldi mælinga, k er númer þess mælipunkts þar sem byrjað er að safna spáskekkjum. Mynd 1 sýnir CUSUM graf fyrir einbýli og mynd 2 sýnir CUSUM graf fyrir fjölbýli, miðað við aðhvarfsgreiningu með föstum stikum yfir allt tímabilið. Beinu línurnar eru 95% mörk samkvæmt formúlunni að ofan. Báðar myndirnar gefa því vísbendingu um að kerfið sé í þróun. Á láréttu ásunum er númer mælingar og summa spáskekkja er á lóðréttu ásunum.

2.8 Útfærsla af Kalman síu líkani fyrir FMR

Ef skoðun gagna gefur vísbendingar um að stikar séu ekki stöðugir yfir tímann er heppilegt að framkvæma einhvers konar endurmat. Ef farin yrði sú leið að meta nýtt aðhvarfslíkan t.d. mánaðarlega er hætt við að mat yrði óstöðugt. Hér er því stungið upp á sem vinnureglu að notað sé líkan með breytilegum stikum. Kalman síu aðferðin stýrir breytingum í tíma. Uppsetningin er eftirfarandi:

1. y_{ti} = log(núvirts kaupsamnings) - log(endurstofnsverðs) á tímabili t fyrir sölu i.



Mynd 1: CUSUM fyrir einbýli 1980-1996



Mynd 2: CUSUM fyrir fjölbýli 1980-1996

2. x_{ti} = vektor af skýristærðum fyrir sölu i á tímabili t.

3. n(t) = fjöldi af sölum á tímabili t.

Hér er log, skammstöfun fyrir náttúrulegan logaritma.

Líkanið er:

$$y_{ti} = x_{ti}\alpha_{ti} + \varepsilon_{ti}$$

$$\alpha_{ti} = T\alpha_{t,i-1} + \eta_{ti} \qquad \text{ef} \quad i > 1$$

og

$$\alpha_{t1} = \alpha_{t-1,n(t-1)} + \eta_{ti} \qquad \text{ef} \quad i = 1$$

Gert er ráð fyrir að $V(\eta_{ti})$=0 ef i>1 þ.e. að stikar innan tímabils séu fastir, en að $V(\eta_{t1}) = \sigma^2 D_t$, þar sem D_t er hornalínufylki. Stökin í D_t segja til um hve mikið stikar breytast milli tímabila. Fylkið $\sigma^2 D_t$ er dreifni í "a priori" mati á breytingu ástandsins á tíma t. D_0 er valið stórt til að setja kerfið af stað. Ef öll önnur D_t eru sett 0 þá verður lokamatið á ástandinu, $a_{tn(t)}$ það sama og að framkvæmd hefði verið hefðbundin aðhvarfsgreining á öllu tímabilinu frá 1 til t. Hefðbundin aðhvarfsgreining yfir allt tímabilið samsvarar því að allar mælingar fái sama vægi, nýjar sem gamlar. Ef D_t er valið stórt þýðir það að nýleg tímabil fá þyngra vægi en eldri. Fylkið T er sett T=I, sem þýðir að stikar líkans þróast sem "random-walk" með dreifni fylki $\sigma^2 D_t$. Á hverju tímabili eru upplýsingar um markaðinn uppfærðar með reglu Bayes. "A priori" dreifingin er

$$\alpha_t \sim N(a_{t-1}, D_t + P_{t-1})$$

Liðurinn P_{t-1} er vegna þess að ástandið, α_t er ekki þekkt heldur metið með a_t. "A posteriori" dreifingin er

$$\alpha_t \sim N(a_t, \sigma^2 P_t)$$

Spáð söluverð eignar á tíma t með eiginleika x_i, miðað við að nota upplýsingar til og með tíma t-1,

$$\hat{y}_i = x_i a_{t-1}$$

Metin spáskekkja er

$$\hat{\varepsilon}_{ti} = \mathrm{y}_i - \hat{\mathrm{y}}_i$$

Afgangsliðirnir, þ.e. spáskekkja miðað við að nota upplýsingar til og með tíma t,

$$\hat{\mathrm{e}}_{ti} = \mathrm{y}_i - \mathrm{x}_i \mathrm{a}_t$$

Þegar verið er að kanna frammistöðu líkans er eðlilegt að athuga stærð spáskekkjunnar. Ef einungis eru athugaðir afgangsliðir er hætt við að dregnar yrðu ýkjukenndar ályktanir um spágetu líkans. Skýringin á því er að vektorinn af aðhvarfsstuðlum á tíma t, α_t er háður bæði y_{ti} og x_{ti}. Dreifni spáskekkju er:

$$V(\hat{\mathrm{e}}_{ti}) = \sigma^2 \mathrm{F}_{ti} = \sigma^2(1 + \mathrm{x}_{ti}' P_{t-1} \mathrm{x}_{ti})$$

Hér er gert ráð fyrir að stikinn σ, staðalfrávik mælijöfnunar sé það sama yfir allt tímabilið 0 til t og fyrir allar tegundir eigna. Slíkt einfaldar útreikninga og gerir það að verkum að ekki þarf að nota σ í ástandsjöfnunni, sjá nánar í [3]. Sjálfsagt er þó að reyna að gera sér grein fyrir hversu raunhæf sú forsenda er. Hér er gert ráð fyrir að dreifni spáskekkjunnar sé metin með

$$\hat{\sigma}_t^2 = \frac{1}{n(t)} \sum_{i=1}^{i} n(t) \hat{\varepsilon}_{ti}^2 / F_{ti}$$

þar sem

$$F_{ti} = 1 + \mathrm{x}_{ti}' P_{t-1} \mathrm{x}_{ti}$$

Metið staðalfrávik á spáskekkju fyrir eign með eiginleika x_{ti} er því

$$\hat{\sigma}_{ti} = \hat{\sigma}_t F_{ti}^{1/2}$$

Stærðin F_{ti} er þáttur sem skalar σ_t til vegna óvissu um ástandið α_{t-1}. Ef meta á eignir á tíma t, með eiginleika x_{ti}, sem ekki voru notaðar til að reikna út a_t þá er eðlilegt að meta þær með:

$$\hat{\mathrm{y}}_{ti} = \mathrm{x}_{ti} \mathrm{a}_t$$

og að meta staðalfrávik þess með

$$\sigma - \mathrm{mat}_t = \sigma_t(1 + \mathrm{x}_{ti}' P_t \mathrm{x}_{ti})$$

Ef einsdreifni (e. homoskedasticity) er fyrir hendi í ε_{ti} þá er eðlilegt að $\hat{\varepsilon}_{ti}/F_t^{1/2}$ verði einsdreift. Til að meta misdreifni (e. heteroskedasticity) er metin eftirfarandi aðhvarfsgreining

$$\hat{\varepsilon}_{ti}^2/(F_{ti}\hat{\sigma}_t^2) = \mathrm{x}_{ti}\beta + \mathrm{u}_{ti}$$

spáð misdreifni með þessu líkani er:

$$H_{ti} = \mathrm{x}_{ti}\hat{\beta}$$

H_t verður oft í kringum 1. Ef eignir með eiginleika x, fá H-gildi sem eru lægri en 1, gefur það til kynna að líkanið spái söluverði þeirra betur en þeirra sem eru með há H-gildi.

Eignir með há H_{ti} og há F_{ti} eru verr metnar en aðrar. Eignir með hátt F-gildi eru illa metnar vegna þessa að litlum upplýsingum hefur verið safnað um eignir með tilsvarandi x-gildi. Eignir með hátt H-gildi eru illa metnar vegna þess að eignir með þau x-gildi verðleggjast mjög mismunandi á markaðnum.

3 Gagnagreining

3.1 Kaupskrá FMR

Fyrirliggjandi gögn eru kaupskrá FMR fyrir tímabilið frá 1980 til júní 1996. Form kaupskrár er sýnt í töflu 9. Skoðað var fullgert íbúðarhúsnæði á höfuðborgarsvæðinu, SVEITARFEL= 0000, 1000, 1100, 1300, 1400, 1604 og BYGGSTIG=7 eða 8. Notuð voru gildin TEGMAT=E, fyrir einbýli og TEGMAT=F, fyrir fjölbýli. Þannig eru athugaðar 38.903 sölur, 4381 í einbýli og 34522 í fjölbýli. Skilgreindar voru flokka og þrepabreytur og er þeim lýst í töflu 6. Hverfi í Reykjavík voru skilgreind með tveggja stafa staðgreini, fyrstu tveir stafir í LODR í töflu 9. Hverfin í Reykjavík voru skilgreind þannig að þau væru bæði landfræðilega samhangandi og að í hverju hverfi væri töluverð velta. Nágrannasveitarfélög Reykjavíkur mynda hvert um sig eitt hverfi. Tíðnigögn fyrir einbýli eru sýnd í töflum 10 til 45 og fyrir fjölbýli í töflum 46 til 81. Til að ná burt grófum villum voru sigtaðar út allar færslur þar sem núvirtur kaupsamningur var annað hvort meira en 100% hærri en endurstofnsverð eða meira en 50% lægri en endurstofnsverð. Við það fækkaði færslum í 37.209, 32.968 í fjölbýli og 4.241 í einbýli. Í töflu 1 eru sýnd áhrif þessarar aðgerðar fyrir þrjú tímabil. Flestar þessara færslna voru frá árunum 1980-1981. Líklegt verður að telja að hér megi greina áhrif myntbreytingarinnar 1981. Hugsanlegt er að verðlækkun miðað við endurstofnsverð eftir 1990 geri það að verkum ákveðinn fjöldi eigna seljist á undir 50% af endurstofnsverði á því tímabili.

		-85	86-90	91-	Alls
Fjölbýli	öfgakennt	1420	17	117	1554
	eðlilegt	8585	10320	14063	32968
Einbýli	öfgakennt	97	6	37	140
	eðlilegt	705	1187	2349	4241

Tafla 1: Frávik frá endurstofnsverði eftir tímabilum

3.2 Líkan fyrir frávik frá endurstofnsverði

Þróun núvirts söluverðs sem hlutfalls af endurstofnsverði er sýnt töflum 3 og 4 fyrir fjölbýli og 5 fyrir einbýli. Sýndir eru kvantílar, Q10=það gildi sem 10% eru fyrir neðan, Q50= það gildi sem 50% eru fyrir neðan og Q90= það gildi sem 90% eru fyrir neðan. Mánaðarleg velta einbýla er af stærðargráðunni fáeinir tugir svo slík mynd er afar rykjótt og því látið nægja að sýna þróunina fyrir hvert ár. Þróun stærðardreifingar er lýst með myndum 9 og 10 fyrir einbýli og 11 og 12 fyrir fjölbýli.

Þróun fjölda íbúðarkaupa í tíma er sýnd á mynd 8 fyrir einbýli og myndum 6 og 7 fyrir fjölbýli. Þróun í stærðardreifingu er sýnd á myndum 9 og 10 fyrir einbýli og 11 og 12 fyrir fjölbýli.

Í myndum 1 og 2 er sýndar CUSUM myndir fyrir aðhvarfsgreiningu með föstum stikum. Af þeim má álykta að nota beri líkan sem breytist í tíma. Í myndum 13, 14, 15 og 16 eru sýndar dreifingar á ε_{ti}. Þessar myndir gefa ekki til kynna að misdreifni í tíma sé mikið vandamál. Á myndum eins og 3 og 15 má sjá áhrif verðbólgu innan árs. Endurstofnsverð er uppfært einu sinni á ári og því fer frávik söluverðs frá endurstofnsverði vaxandi fram eftir ári þar til að nýrra, og hærra endurstofnsverð tekur gildi. Líkanið með breytilegu stikunum nær þessu upp í næsta mánuði á eftir. Þessir þættir eru ekki eins sýnilegir fyrir einbýlin, sjá mynd 13.

Töflur eins og tafla 2 og 3 geta verið varhugaverðar því þær sýna dreifingu yfir tímabilið í heild. Til að gera sér betur grein fyrir þróun spáskekkju í tíma er vert að líta á myndir 13, 14, 15 og 16. Af þeim myndum má sjá að stærð spáskekkjunnar virðist nokkuð stöðug í tíma, 80% virðist liggja milli ca. 20% vanmats og ca. 15% ofmats fyrir einbýli og heldur þrengri mörk fyrir fjölbýli.

Uppfærsla líkans í tíma

Þegar framkvæmd hefur verið aðhvarfsgreining eru niðurstöður á forminu $\hat{\alpha}$, mat stikavektors og V($\hat{\alpha}$), dreifnifylki stikavektors. Notkun á reglu Bayes til að auka stöðugleika mats er þannig að þegar sala í nýjum mánuði er skráð þá er fyrirfram reiknað með því að parametrar í þeim mánuði séu tengdir hinum fyrri. Tengslin eru mynduð með reglu Bayes þannig að við upphaf nýs mánaðar t, er 'a priori' dreifing parametervektorsins normaldreifing:

$$N(\hat{\alpha}_{t-1}, V(\hat{\alpha}_{t-1}) + D_t)$$

þar sem D_t er hornalínufylki. Ef $D_1=\infty$ (eða mjög stór tala t.d. 10^{10}) öll önnur $D_t=0$ þá er 'a posteriori' mat á α það sama og ef að venjulegur OLS metill hefði verið notaður fyrir öll tímabilin. Ef öll D_t eru valin stór nálgast það að framkvæma aðhvarfsgreiningu á hverju tímabili. Hér var D látið vera á forminu kD. D var hornalínufylki og voru stökin fengin með svipuðum aðferðum og í [8]. Talan k er "smoothing" fasti. Hún setur vog í "a priori" upplýsingar um ástand á markaðnum. k=0 þýðir að gamlar upplýsingar vega jafnt þungt og nýjar k>0, þýðir að fortíðar upplýsingar fá stiglækkandi vikt með tíma. Talan k=0, þýðir, að gert er ráð fyrir að ástandið sé óbreytt, aðeins þarf að fá nákvæmari upplýsingar um það. Mjög stórt k þýðir að gert er ráð fyrir að fortíðin segi lítið um núverandi ástand. Að lokinni forrannsókn var valið sem grunnur, líkan sem inniheldur stærð í fermetrum og aldur í árum. Stærð og aldur voru teknar inn sem þrepabreytur með hliðarskilyrði um að frávik frá endurstofnsverði sé samfellt fall af stærð og aldri. Hliðarskilyrðið að væntanlegt frávik frá endurstofnsverði sé samfellt sem fall af aldri er fengið með því að skilgreina fylkið R (sbr. kafla 2, 10x20 fylki þannig að

R[1,3]=-1 R[1,9]=-log(70) R[2,3]=1 R[2,9]=log(110) R[2,4]=-1 R[2,10]=-log(110),

R[3,4]=1 R[3,10]=log(150) R[3,5]=-1 R[3,11]=-log(150),

R[4,5]=1 R[4,11]=log(210) R[4,6]=-1 R[4,12]=-log(210), R[5,6]=1 R[5,12]=log(270) R[5,7]=-1 R[5,13]=-log(270),

R[6,7]=1 R[6,13]=log(370) R[6,8]=-1 R[6,14]=-log(370),

R[7,1]=1 R[7,19]=2 R[7,18]=-1 R[7,23]=-2,

R[8,18]=1 R[8,23]=5 R[8,17]=-1 R[8,22]=-5,

R[9,17]=1 R[9,22]=10 R[9,16]=-1 R[9,21]=-10,

R[10,16]=1 R[10,21]=20 R[10,15]=-1 R[10,20]=-20

Við þetta er væntanlegt stærðarfrávik samsett úr línum sem tengjast í 70, 110, 150, 210, 270 og 370 fermetrum. Á sama hátt er aldursfallið lína sem brotnar í 2, 5, 10 og 20 árum:

	k				
	0	0.01	0.1	1	10
$\bar{e}$	-0.0316	-0.0120	-0.0043	0.0001	0.0001
$\bar{\varepsilon}$	-0.0331	-0.0140	-0.0064	-0.0028	-0.0028
$\hat{\sigma}_e$	0.1713	0.1620	0.1565	0.1497	0.1497
$\hat{\sigma}_\varepsilon$	0.1912	0.1820	0.1764	0.1699	0.1699
$q_{.05}(e)$	-0.3050	-0.2741	-0.2585	-0.2432	-0.2432
$q_{.05}(\varepsilon)$	-0.3231	-0.2968	-0.2871	-0.2866	-0.2866
$q_{.95}(e)$	0.2424	0.2413	0.2349	0.2270	0.2270
$q_{.95}(\varepsilon)$	0.2542	0.2519	0.2472	0.2394	0.2394

Tafla 2: Eiginleikar spáskekkju og afgangsliða í fjölbýli fyrir ýmis k.

Ef forsendur um einsdreifni eru uppfylltar er dreifni spáskekkjunnar:

$$V(\hat{\varepsilon}_{ti}) = \sigma^2 F_{ti}$$

Til að meta misdreifni var eftirfarandi aðhvarfsgreining framkvæmd:

$$\hat{\varepsilon}_{ti}^2/(F_{ti}\hat{\sigma}^2) = \mathrm{x}_{ti}\beta + u_{ti}$$

Misdreifniþátturinn $\mathrm{H}_{ti}=\mathrm{x}_{ti}\hat{\beta}$ er mælikvarði á hversu mikil verðbreidd er í eignum með tiltekin x-gildi=x_{ti}. Fyrir einbýli var R^2=0.06 og fyrir fjölbýli R^2=0.20. Frá því má álykta að eignir í fjölbýli hafa marktækari misdreifni en einbýli. Þessi tvö R^2 gildi sýna að misdreifni sem fall af x-breytum er ekki mikil.

Ef nýjar skýribreytur innihalda upplýsingar sem að gagni geta komið verða þær að geta spáð því sem óskýrt er. Því var framkvæmd eftirfarandi aðhvarfsgreining:

$$\hat{\varepsilon}_{ti}/(F_{ti}H_{ti})^{1/2} = z_{ti}\gamma + v_{ti}$$

Af töflu 4 má sjá áhrif þess að bæta við breytum. Breytan z_{ti} hér að ofan táknar eina af breytunum í töflu 4. Gildin R^2 gefa til kynna hversu mikið spágeta líkansins myndi batna ef viðkomandi breytu yrði bætt við. F-gildið gefur til kynna tölfræðilega marktækni viðbótarbreytunnar, þeim mun hærra F-gildi, þeim mun meiri marktækni. F-Chow gildin eru prófstærðir sem prófa hvort parametrar séu eins þegar gögnum er skipt í tvennt. Hér var gögnum skipt þannig að gögn á tímabili 1 voru gögn fyrir 1991 og á tímabili 2 voru gögn frá 1991 og síðar. Frá myndunum 3 og 15 má ætla að markaðsumhverfið hafi verið talsvert annað á verðbólgutímum og tímum nýrra lánakerfa. Niðurstaða fyrir bæði einbýli og fjölbýli er að sú breyta sem bætir spágetuna mest er hverfið. Þýðing hverfisbreytunnar virðist einnig breytast með tíma bæði í einbýli og fjölbýli. Eðlilegt er því að prófa næst líkan sem inniheldur hverfi/sveitarfélag sem breytu og að láta parameter við þá breytu þróast í tíma.

	k				
	0	0.01	0.1	1	10
$\bar{e}$	-0.0627	-0.0377	-0.0163	-0.0047	-0.0007
$\bar{\varepsilon}$	-0.0627	-0.0385	-0.0177	-0.0066	-0.0031
$\hat{\sigma}_e$	0.1805	0.1692	0.1631	0.1576	0.1515
$\hat{\sigma}_\varepsilon$	0.2030	0.1918	0.1860	0.1832	0.1838
$q_{.05}(e)$	-0.3512	-0.3154	-0.2873	-0.2691	-0.2544
$q_{.05}(\varepsilon)$	-0.3762	-0.3386	-0.3164	-0.3042	-0.3042
$q_{.95}(e)$	0.2373	0.2359	0.2421	0.2473	0.2418
$q_{.95}(\varepsilon)$	0.2720	0.2650	0.2682	0.2785	0.2819

Tafla 3: Eiginleikar spáskekkju og afgangsliða í einbýli fyrir ýmis k.

Viðbótarbreyta	Fjölbýli F-gildi	Fjölbýli R^2-gildi	Einbýli F-gildi	Einbýli R^2-gildi	Fjölbýli F-Chow	Einbýli F-Chow
Stærð og aldur	6.33	0.0043	5.17	0.0247	1.13	7.36
Hverfi/sveitarfélag	62.93	0.0261	16.06	0.0479	7.67	42.43
Efni útveggja	49.88	0.0014	8.231	0.0046	0.15	1.80
Hæðarnúmer	13.71	0.0022	3.20	0.0009	0.01	0.36
Afstaða	41.35	0.0025	47.04	0.0207	0.21	0.04
Fjöldi hæða	20.90	0.0018	20.14	0.0113	0.91	3.72
Fjöldi herbergja	8.09	0.0009	2.27	0.0028	0.54	4.97
Fjöldi eininga	6.15	0.0003	16.31	0.0017	0.00	0.00
Athugasemd	0.01	0.0000	0.19	0.0001	0.13	0.13
Bílskúr/kjallari	33.19	0.0029	26.96	0.01609	0.40	8.63

Tafla 4: Áhrif viðbótarbreyta.

3.3 Líkan án endurstofnsverðs

Við skoðun á mynd 15 sést að það virtist ekki spilla mikið fyrir líkaninu þótt verðbólga væri mikil en endurstofnsverðið fast mestan hluta ársins. Líkanið spáir alltof miklu fráviki frá endurstofnsverði í þeim mánuði sem nýja endurstofnsverðið kemur. Slíkar villur í spá eru eðlilegar þegar viðmiðuninni, endurstofnsverðinu er skyndilega skotið upp um tugi prósenta. Hugsanlega mætti endurbæta þetta með því t.d. að láta framfærsluvísitölu eða annan verðlagsmælikvarða í líkanið. Þetta leiðir hugann að því hvernig líkanið stæði sig í að spá verðinu beint út frá liðnum atburðum á markaðnum og eiginleikum íbúðarinnar, þ.e. að hafa innbyggðan verðlagsmælikvarða í líkaninu. Þessi innbyggði verðlagsmælikvarði yrði þá hreinn fasteignamarkaðsmælikvarði. Inn í líkanið fara eingöngu upplýsingar um sölu á fasteignum svo aðrar verðlagsbreytingar trufla ekki matið. Við verðbólgulíkanagerð er stundum notast við einhvers konar "random walk" líkan sem grunn. Hér verður byrjað þar sem staðar var numið í 3.2 og byrjað með þær breytur sem þar voru taldar mikilvægar. Ef til viðbótar finnast mikilvægar breytur þá má ætla að þær breytur hafi verið í endurstofnsverðinu. Breytur, sem eru teknar með, eru því fyrir fjölbýli, stærð, aldur og hverfi. Frammistaða líkans er slæm í fyrstu mælingunum á meðan líkanið er að safna upplýsingum um markaðinn. Fyrir einbýli er marktækasta viðbótarbreytan efni útveggja.

	með		án	
	fjölbýli	einbýli	fjölbýli	einbýli
$\bar{e}$	-0.0011	-0.0031	0.0054	0.0132
$\bar{\varepsilon}$	-0.0037	-0.0032	0.01130	0.0183
$\hat{\sigma}_e$	0.1405	0.1358	0.1475	0.1566
$\hat{\sigma}_\varepsilon$	0.1495	0.1546	0.1557	0.1861
$q_{.05}(e)$	-0.2315	-0.2366	-0.2347	-0.2454
$q_{.05}(\varepsilon)$	-0.2548	-0.2597	-0.2372	-0.2730
$q_{.95}(e)$	0.2127	0.2027	0.2190	0.2558
$q_{.95}(\varepsilon)$	0.2217	0.2237	0.2348	0.2869

Tafla 5: Samanburður á spáskekkju og afgangsliðum með og án endurstofnsverðs.

3.4 Tillaga að vinnsluflæði hjá FMR

Í grófum dráttum gæti ferlið verið þannig að breytingar á markaðnum eru greindar úr kaupskrá og síðan er mat eigna í eignaskrá uppfært samkvæmt því. Allar upplýsingar um markaðinn verður að sía út úr kaupskránni og því mikilvægt að hafa gæðaeftirlit með því sem þar fer inn. Síðan er núverandi mat á ástandi markaðar uppfært með nýjustu upplýsingum. Þetta mat á ástandinu, þ.e. stikarnir úr aðhvarfsgreiningunni, er síðan notað til að fá nýtt markaðsmat á eignaskránni. Þetta mætti setja upp sem þrjú skref eða forrit (F1, F2 og F3).

Forrit númer 1 tekur gögn inn á kaupskrárformi og les ár og mánuð sem nota á til grundvallar og einnig metið ástand úr skrám sem fyrir liggja og skrifar síðan út:

tilvísunarnúmer mat eignar H_{ti} F_{ti} $\hat{\varepsilon}_{ti}$

Hugsanlega mætti bæta við:

$h_{ti} \quad h_{ti}/(1-h_{ti})\hat{\varepsilon}_{ti}$

Þar sem h_{ti} er hornalínustak úr hat-fylki. Stærðirnar H_{ti} og F_{ti} eru misdreifnistuðlar sem gefa til kynna hversu gott matið er. Eignir með stór H_{ti} eru hlutfallslega illa metnar vegna þess að eignir með þá x_{ti}-eiginleika verðleggjast á breiðu bili. Eignir með stór F_{ti} eru illa metnar vegna þess að líkanið hefur ekki náð að safna nægum upplýsingum um eignir með eiginleika x_{ti}. Hugmyndin hér er að sjá hvaða eignir höfðu stórt frávik, ε_{ti}. Ef menn grunaði að mikilvæga breytu vantaði í líkanið, t.d. upplýsingar um ástand eignar, þá ætti hún að geta skýrt frávikið. Hugsanlegt er að misdreifnin sé mismunandi eftir hverfum og aldri og ætti það að sýna sig í að H_{ti} er stærra fyrir sum hverfi. H_{ti} er útkoma úr aðhvarfsgreiningu þar sem frávikið í öðru veldi er skýrt með x-breytunum. Með því að reikna það, er hægt að fá vísbendingar um hvort t.d. eldri hús séu breytilegri en yngri, eins og hægt væri að ímynda sér þar sem sum eldri hús eru mikið endurnýjuð en önnur lítið. Þetta forrit má nota bæði til að meta úr eignaskrá og einnig til að gæðaprófa t.d. kaupskrá með nýjustu upplýsingum.

